



Ágúst Guðnason
Skálahlíð 27
270 Mosfellsbær

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 25. júní 2020
Tilv.: UMH20060082/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 15. júní sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að fjarlægja þak með asbesti, þar sem fyrirhugað er að gera við og endurnýja þakið. Sá sem komi til með að framkvæma verkið hafi sótt sér réttindi til að fjarlægja asbest. Við rannsókn á sýnum úr þakinu hafi komið í ljós að yfir 40% af krísótílasbesti væri í þakefninu. Sótt hafi verið um starfsleyfi hjá Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur til að fara í verkið og leyfi hafi fengist frá Vinnueftirliti til að hefja verkið. Sótt sé um undanþágu frá starfsleyfi þar sem sá sem ætli að vinna verkið hafi tíma nú en ekki síðar.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 18. júlí sl. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að óskað sé eftir að fá veitta tímabundna undanþágu frá starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna framangreindra framkvæmda, þar sem kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. sömu laga hafi ekki verið fullnægt. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang er atvinnurekstur sem gæti haft í för með sér losun asbests út í umhverfið, þ.m.t. niðurrif bygginga, byggingarhluta eða búnaðar, starfsleyfis skyldur og veitir heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags starfsleyfi fyrir slíka starfsemi. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Að jafnaði veiti Umhverfisstofnun ekki

jákvæða umsögn um undanþágu frá starfsleyfi sem hefur ekki verið gefið út og/eða auglýst þar sem viðhlítandi undirbúningur og aðkoma almennings og annara hagsmunaaðila sem kveðið sé á um í lögum skortir. Í ljósi þess að um tímabundinn atvinnurekstur er að ræða leggist stofnunin ekki gegn því að tímabundin undanþága frá starfsleyfi verði veitt við niðurrif á þaki á Ægisíðu 111, 107 Reykjavík að uppfylltum tilteknum skilyrðum og þeim kröfum sem mælt sé fyrir um í reglugerðum nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og nr. 705/2009 um asbestúrgang.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst ráðuneytinu með tölvupósti hinn 15. júní sl. Þar kemur fram að nefndin hafi mótttekið umsókn Ágústar Guðnasonar um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrifi á þakplötum úr asbesti á umræddu húsnæði og að umsóknin sé metin fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlitið hafi einnig farið í úttekt á verkstað, mótttekið afrit af leyfi Vinnueftirlitsins fyrir niðurrifinu og sett tillögu að starfsleyfi í auglýsingu. Nefndin leggist ekki gegn því að veitt verði tímabundin undanþága frá tímabundnu starfsleyfi fyrir niðurrifi á þakplötum úr asbesti á húsnæði við Ægissíðu 111, á meðan nefndin lýkur afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Ágúst Guðnason hefur sótt um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, hann hefur takmarkaðan tíma til framkvæmda og eðli málsins samkvæmt er mikilvægt að framkvæmdir gangi hratt fyrir sig. Í ljósi þess sem að framan greinir og framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Ágústi Guðnasyni kt. 311064-7119 tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs og förgunar á asbestplötum í þaki á húsnæði við Ægisíðu 111, 107 Reykjavík.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrifs á asbesti í þaki á húsnæði við Ægisíðu 111, 107 Reykjavík eins og kemur fram í umsókn um starfsleyfi.
2. Ágúst Guðnason skal fara að skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang sem og Almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, sjá:
https://reykjavik.is/sites/default/files/USK/Heilbrigdiseftirlit/Tillogur_i_auglyssingu/almenn_s_kilyrði_fyrir_mengandi_starfsemi_samthykkt_2018.pdf og Starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifa húsa og annarra mannvirkja, sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/USK/Heilbrigdiseftirlit/Tillogur_i_auglyssingu/starfsleyf_isskilyrði_fyrir_tímabundinn_atvinnurekstur_vegna_nidurrifs_husa_og_annarra_mannvirkja.pdf.
3. Áður en framkvæmdin hefst skal hún hljóta samþykki Vinnueftirlitsins, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang.
4. Framkvæmdin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
5. Tryggja skal að allir sem koma að verkinu hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á framkvæmdastað.
6. Að lokinni framkvæmd skal Ágúst Guðnason skila niðurrifsskýrslu til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Ágúst Guðnason ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber honum að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 31. júlí 2020. Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:
Umhverfisstofnun
Vinnueftirlit
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur